

Sþ.

8. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Sigurður Thoroddsen, Finnur Jónsson,
Jörundur Brynjólfsson.

Með því að ríkisstjórnin hefur nú, að tilhlutun fjárveitinganefndar Alþingis, látið fram fara mat á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f og niðurstöður matsins sýna, að bréfin standa ekki lægra en í nafnverði, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að kaupa við matsverði fyrir hönd rikissjóðs, af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað, hlutabréf þau í greindum banka, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innstæðuskirteinainningnum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum.

Ástæður.

Tillögur, er miða í þá átt, er hér um ræðir, hafa oft verið bornar fram á Alþingi, þótt ekki hafi þær náð endanlegu samþykki þingsins. Á vetrarþinginu 1942 var það, er hér fer á eftir, m. a. tekið fram: „Enginn getur með réttum rökum varið það, að þeir þegnar þjóðfélagsins, sem hér eiga hlut að máli, séu látnir færa þær fórnir að hafa fjármuni sína bundna um óákveðinn tíma í hlutabréfum Útvegsbankans án þess að sú hlutafjäreign gefi þeim nokkurn arð. Ríkið er aðaleigandi þessa banka og ábyrgist það sparifé, sem landsmenn leggja á vöxtu í bankann. Áhrifa annarra aðila en ríkisvaldsins gætir í engu að því er stjórn bankans snertir. Virðist því þegar af þessum ástæðum réttmætt, að ríkið kaupi hlutabréf þau, er um ræðir.

Á síðasta þingi var þetta mál enn til meðferðar, og var þá leitað álits bankaráðs og bankastjórnar Útvegsbankans um það, hvort þessir aðilar teldu rétt, að ríkið keypti hlutabréf þessi. Í bréfi, dags. 26. maí 1941, létu þeir uppi svo hljóðandi álit sitt: „Stjórn Útvegsbanka Íslands h/f telur rétt, að athugað verði, á hvern hátt ríkið gæti leyst til sín öll hlutabréf bankans, sem ekki eru ríkiseign, og mælir því með, að samþykkt verði á Alþingi ályktun, er heimili þessar framkvæmdir.“

Var þetta samþykkt á sameiginlegum fundi bankaráðs og bankastjórnar.

Meiri hluti fjárveitinganefndar Alþingis 1941 mælti með, að till. sú til þingsályktunar, er lá fyrir þinginu um heimild til ríkisstjórnarinnar til kaupanna, yrði samþykkt, en minni hlutinn vildi afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, er náði samþykki þingsins.

Dagskráin fer hér á eftir:

„Í trausti þessi, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á framboðum og verðgildi hlutabréfa Útvegsbanka Íslands h/f og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar um, hvort rikissjóður skuli kaupa hlutabréf þau, er um ræðir í þingsályktunartillögunni, og með hvaða skilyrðum, ef til kemur, svo sem kaupverð, árlegt framlag rikissjóðs til kaupanna og að keypt verði af þeim einum, er voru upphaflega eigendur bréfanna, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.“

Af samþykkt þessarar dagskrártillögu er það ljóst, að Alþingi, þ. e. a. m. k. meiri hluti þess, vill láta ríkisstjórnina taka til athugunar kaup á hlutabréfunum, og meiri hluti fjárveitinganefndar og margir þingmenn aðrir vildu strax gefa ríkisstjórninni þá heimild, er flutningsmenn þáttill. fóru fram á.

Síðan hefur það gerzt í málinu, er hér segir:

Með bréfi, dags. 23. maí 1942, fór fjárveitinganefnd þess á leit við ríkisstjórnina, að hún tæki mál þetta til athugunar. Ríkisstjórnin skipaði svo með bréfi, dags. 10. ágúst 1942, þá Jón Guðmundsson, skrifstofustjóra í viðskiptamálaráðuneytinu, Gylfa Þ. Gíslason, dósent, og Lárus Jóhanness., hæstaréttarmálafærslumann, í nefnd til að athuga hag bankans og meta hlutabréf hans. Var Jón Guðmundsson formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og komið að þeirri niðurstöðu, að hlutabréf hans séu að minnsta kosti eins mikils virði og þau eru talin að nafnverði.

Virðist þá mál þetta hafa lengið þann undirbúning af hálfu Alþingis og ríkisstjórnarinnar, að tími sé til þess kominn að taka fullnaðarákvarðanir gagnvart þeim hluthöfum, er hér ræðir um. Þörf þeirra til þess að fá fé sitt endurgoldið hefur ekki minnkað, heldur aukizt vegna dýrtíðarinnar, og þar sem hér er einungis um smærri sparifjáreigendur að ræða, sem höfðu dregið saman nokkurt fé til elliáranna, mælir öll sanngirni með því nú í enn ríkara mæli enn nokkru sinni fyrr, að ríkið taki að sér að kaupa hlutabréfin án þess að eigendurnir verði fyrir meiri halla en þeim að fara á mis við þá vexti, sem aðrir, þeir er ekki létu neitt af hendi á sínum tíma af sams konar innstæðum til styrktar bankanum, hafa notið öll þessi ár síðan Útvegsbankinn var á stofn settur.

Nánar í framsögu.